

Siðferðisbrot og kristinn mannskilningur

Fyrir tíu árum birtist grein þar sem sjónum var beint að gerendum kynferðislegs ofbeldis og áreitiss á kirkjulegum vettvangi og lutu spurningar greinarinnar meðal annars að því hver væri guðfræðileg og siðfræðileg afstaða og boðskapur kirkjunnar til þeirra.¹ Með skírskotun í þágildandi starfsreglur íslensku þjóðkirkjunnar (nr. 739/1998) var á það bent að kirkjan hefði siðfræðilegum skyldum að gegna gagnvart meintum gerendum slíkra brota og vísað í texta starfsreglnanna því til stuðnings en þar sagði m.a.: „Kirkjuleg yfirvöld skulu sjá til þess að sálgæsla verði veitt meintum geranda, fjölskyldu hans og þeim sem í kirkjulegu starfi hafa verið í mikilvægu samstarfi við hann. Æskilegt er að sálgæsla þessi sé veitt af prest í heimahéraði, innan sóknar eða prófastsdæmum.“² Hvernig kirkjulegri sálgæslu hefur raunverulega verið háttað gagnvart gerendum kynferðisbrota og fjölskyldum þeirra á umliðnum árum er ekki umræðuefni þessarar greinar en til þess hefði þurft annars konar nálgun. Sjónum er hér strangt til tekið hvorki beint að gerendum né þolendum kynferðisofbeldis í þröngri merkingu, né heldur kynferðisbrotum presta og annarra vígðra þjóna kirkjunnar og ekki er heldur að því spurt hvernig kirkjan víða um heim hafi tekist á við þau.

Markmið greinarinnar er mun hógværra og felur tvennt í sér. Annars vegar það að varpa ljósi á eðli siðferðisbrota en til að gera það styðst ég við siðfræðilega orðræðu. Þar ber hæst hugtök eins og virðing fyrir manneskjinni, sjálfræði og mannhelgi. Síðara markmiðið er að draga fram kjarna kristins mannskilnings sem þann grundvöll sem kirkjan stendur á í allri umræðu um siðferðisbrot. Í þeirri umræðu leika hugtökin sekt, skömm, synd og ábyrgð mikilvægt hlutverk.

Í upphafi er rétt að nefna kristna guðsmynd og leggja áherslu á réttlæti Guðs, náð, miskunn og kærleika.³ Réttlæti og kærleikur eru burðarhugtök í kristinni siðfræðilegri framsetningu og þriðja hugtakið, náðin, er óumdeilanlega eitt mikilvægasta hugtak lútherskrar siðbótar. Kjarnahugmynd kristins mannskilnings er mannhelgin en það hugtak sækir næringu til vestrænnar heimspeki og guðfræði. Þegar talað er um kristinn mannskilning er lögð áhersla á synd og breyskleika mannsins í brotnum heimi en jafnframt náð Guðs og miskunn ásamt kærleika og réttlæti til handa þeim sem iðrast gerða sinna. Í hnotskurn, má því orða það svo að áherslan í greininni ligg

¹ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Kirkjan og kynferðisofbeldi: Gerendur kynferðislegs ofbeldis — frá guðfræðilegu og siðfræðilegu sjónarhorni“, *Ritröð Guðfræðistofnunar*, 31/2010, bls. 144–161.

² Hlekkur á þessar starfsreglur er ekki lengur virkur þar sem þær eru aflagðar. Ný stefna þjóðkirkjunnar um sambærileg mál, sem samþykkt var með ályktun á kirkjuþingi 2018, hefur leyst þær af hólmi, sótt 10. febrúar 2020 af slóðinni: https://kirkjan.is/library/Files/Starfsreglur/Stefna%20%C3%BEj%C3%B3%C3%B0kirkjunnar%20um%20a%C3%B0ger%C3%B0ir%20gegn%20einelti%20kynfer%C3%B0islegri%20%C3%A1reitni%20kynbundinni%20%C3%A1reitni%20ofbeldi%20og%20um%20me%C3%B0fer%C3%B0%20kynfer%C3%B0isbrota%20innan_%C3%BEj%C3%B3%C3%B0kirkjunnar.pdf.

³ Kærleikur og miskunn Guðs eru í guðfræðilegri orðræðu tvær hliðar á sömu mynt. Kærleikur Guðs felur alltaf í sér miskunn hans. Ég nota hugtökin jöfnum höndum í greininni.

á guðfræðilegri og siðfræðilegri túlkun á kristnum mannskilningi og mikilvægi hans í umræðu um siðferðisbrot.

Nýverið hefur íslenska þjóðkirkjan lagt sig fram um að efla velferð þolenda í siðferðisbrotamálum og er það er vel.⁴ Kristur fór ekki í manngreinaralit og það gerir kirkjan ekki heldur. Hún má því ekki láta undir höfuð leggjast að mæta gerendum siðferðisbrota af virðingu með það að markmiði að þeir horfist í augu við breytni sína og taki ábyrgð á henni. Greinin skiptist í tvo hluta. Í þeim fyrri verður sjónum beint að hugtakinu siðferðisbrot en í þeim síðari verður kristinn mannskilningur í kastljósinu. Byrjum á að skoða hugtakið siðferðisbrot.

Siðferðisbrot

Hvað felst í siðferðisbroti? Er til skýr skilgreining á þessu hugtaki? Svo að byrjað sé á að vísa til kirkjulegs samhengis þá kemur hugtakið siðferðisbrot fyrir í 12. grein laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.⁵ Hugtakið er þó hvergi skilgreint í þeim lögum en í fyrstu málgrein 12. greinar laganna má finna eftirfarandi setningu: „Nú rís ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot og getur þá hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd sem biskup Íslands skipar til fjögurra ára í senn.“ Af þessari grein er ljóst að það kemur í hlut úrskurðarnefndar kirkjunnar hverju sinni að meta hvers konar hegðun flokkast sem siðferðisbrot eða agabrot. Dæmi um slíka túlkun má finna í nýlegum úrskurði úrskurðarnefndar kirkjunnar en þar segir að:

... hugtakið siðferðisbrot hafi mjög óljósa merkingu í lagamáli. Ganga megi að því vísu að siðferðisbrot þurfi ekki að vera refsivert brot að lögum, jafnvel ekki neins konar réttarbrot. Siðferðisbrot þurfi ekki heldur að vera svívirðilegt að almenningsáliti. Rétt sé að miða við eins konar vísireglu, er veiti úrskurðaraðilum svigrúm til þess að móta og ákvarða eftir siðferðislegum og félagslegum mælikvarða á hverjum tíma, hvað sé siðferðisbrot. Í því efni skipti verulegu máli hver staða starfsmannsins er og við hvaða aðstæður hin umdeildu atvik gerast. Almennit verði að gera strangar kröfur til [...] þjóðkirkjunnar um að gæta hófsemi og velsæmis í störfum sínum og hafa í huga virðingu þeirrar stofnunar, sem þeir starfa hjá eða eru í fyrirsvari fyrir. Það er mat úrskurðarnefndar að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni hljóti alltaf að teljast siðferðisbrot skv. 12 gr. þjóðkirkjulaga.⁶

Þessi texti úrskurðarnefndar kirkjunnar árið 2018 er um margt upplýsandi varðandi umfjöllunarefni mitt. Til að byrja með má benda á hið augljósa, þ.e. að siðferðisbrot feli í sér hegðun sem tjái vanvirðingu eða lítilsvirðingu gagnvart manneskju. Forsenda siðadóms er siðferðileg sýn á manneskjuna og gildi hennar. Þá sýn mætti t.d. orða svo: Manneskjan er einstök og dýrmæt vera. Líf hennar hefur sjálfstætt gildi og því má ekki sýna henni lítilsvirðandi framkomu.⁷ En lítum nú nánar á textann hér að

⁴ Dæmi um það má finna í yfirlýsingu þriggja biskupa kirkjunnar: „Til þolenda: Yfirlýsing vegna siðferðisbrota“, sótt 10. maí 2020 af <https://kirkjan.is/library/Files/utgafa/BAeklingar/Til%20%C3%BEolenda%20-%20yfir%C3%BDsing%20vegna%20si%C3%B0fer%C3%B0isbrota%20%C3%93laf%20J%C3%B3hannssonar.pdf>. Óhætt er að fullyrða að allt frá því að rannsóknarnefnd kirkjuþings sendi frá sér skýrslu um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot árið 2011 hafi kirkjan markmisst reynt að bæta vinnu sína og viðbrögð í þessum málaflokki. *Skýrsla um viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot*, Reykjavík: án útg., 2011.

⁵ Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, sótt 10. maí 2020 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>.

⁶ Þessi úrskurður er frá árinu 2018 og var kveðinn upp í máli nr. 4/2017, sótt 10. maí 2020 af <https://kirkjan.is/library/Files/4-2017-%C3%BArskur%C3%B0ur%2027.%20febr%C3%BAar%202018-nafnhreinsa%C3%B0ur.pdf>.

⁷ Þessi sýn á manneskjuna fær stuðning í 3. grein Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna en þar stendur: „Allir eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi“.

framan. Í fyrsta lagi er þar lögð sérstök áhersla á það sem áður var nefnt, að það sé túlkunar- og matsatriði hvað sé siðferðisbrot og hvað ekki. Í öðru lagi er á það bent að siðferðisbrot þurfi ekki (endilega) að vera lögbrot né séu þau heldur alltaf mjög gróf (les: svívirðileg). Í þriðja lagi er undirstrikað að líta þurfi til innbyrðis valdastöðu þeirra sem málið varðar, þ.e. þeirra sem telja á sér brotið siðferðilega og þeirra sem ásakaðir eru um siðferðisbrot. Loks telur úrskurðarnefndin greinilega ástæðu til að undirstrika það að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni séu alltaf siðferðisbrot í skilningi þjóðkirkjulaganna.

Ég vil byrja á að staldra við þriðja atriðið í textanum hér að framan og benda á að það er ekkert óeðlilegt við ójafna valdastöðu milli fólks almennt og yfirleitt. Vald í merkingunni gögn og gæði er breytilegt fyrirbæri. Sama manneskjan hefur oft margs konar hlutverk með höndum í samfélaginu og er því ýmist gerandi/skapandi eða þolandi/skynjandi í mismunandi aðstæðum.⁸ Enginn er þannig alltaf „gerandi“ eða alltaf „þolandi“ heldur fer það ekki síst eftir valdastöðu viðkomandi hverju sinni. Undantekning frá þessu eru börn. Staða þeirra sem slík er alltaf viðkvæm þegar kemur að valdi. Hér eru börn þó ekki til umræðu heldur fullorðið fólk. Vandamál sem tengjast valdi í slíkum tilvikum koma upp þegar einstaklingar sem gegna ábyrgðarstöðu í samfélaginu eru ekki nægjanlega meðvitaðir um þá ábyrgð og skyldur sem fylgja þeirri ákveðnu stöðu. Eitt einkenni siðmenningar er að fólk skiptir með sér verkum, en slík (hlut)verkaskipting hefur það að markmiði að við öll getum notið betra lífs, skrifar Sigurður Kristinnsson heimspekingur og bætir við: „Þar með er ljóst að sá sem stundar sérhæft starf ber ábyrgð gagnvart hinu verkskipta samfélagi í heild sinni.“⁹ Þetta eru ekki ný sannindi. Það sem Sigurður áréttar er einfaldlega það að sem manneskjur erum við alltaf siðferðisverur og berum ábyrgð sem slíkar gagnvart samfélagi okkar. Í sérhæfðum störfum okkar höfum við auk þess sérstökum starfskyldum að gegna og í vissum tilvikum skortir upp á meðvitund um hverjar þær eru og hvað þær þýða.¹⁰

Það er mannlegt að mistakast. Með því er ég ekki að gera lítið úr siðferðisbrotum. Páll Skúlason heimspekingur komst á einum stað þannig að orði um siðferðið að það væri „brennimerkt af skammsýni“. „Okkur skjátlást iðulega um það sem raunverulega skiptir okkur máli, vegna þess hve sjóndeildarhringur okkar er takmarkaður“,¹¹ skrifar hann. Hér er tekið undir það og bent á hin ævafornu sannindi, að manneskjan sé breysk. Við gerum skyssur og misstígum okkur. Við erum ekki nógu næm, lesurum ekki aðstæður rétt og þar fram eftir götunum. Aðalatriðið þegar slíkt gerist er að kannast við það, horfast í augu við ófullkomleika sinn, biðjast einlæglega afsökunar, reyna að læra af reynslunni og bæta fyrir brot sín. „Að þroskast sem siðferðisvera felur í sér að manni lærist smám saman að sigrast á eigin skammsýni án þess þó að

⁸ Þetta orðalag sækir ég til Páls Skúlasonar þegar hann lýsir okkur mönnum sem lífverum. Hann skrifar: „Sérhver lífvera hefur tvær hliðar. Hún er annars vegar *þolandi* (skynjandi), hins vegar *skapandi* (gerandi). Sem þolandi tekur hún á móti áhrifum, verður fyrir alls kyns áreiti og nemur boð frá umhverfi sínu. Sem skapandi hefur hún áhrif á umhverfi sitt, gerir eitt og annað og sendir frá sér boð.“ *Siðfræði: Um erfðeigleika í siðferði og forsendur ákvarðana*, Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1990, bls. 20.

⁹ Sigurður Kristinnsson, *Siðareglur*, Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, Háskóli Íslands, 1991, bls. 17.

¹⁰ Sigurður Kristinnsson, *Siðareglur*, bls. 19.

¹¹ Páll Skúlason, *Siðfræði*, bls. 21.

hún verði nokkurn tíma úr sögunni“,¹² skrifar Páll Skúlason. Sú túlkun hans á siðferðinu rímar við skoðun mína og fellur auk þess vel að kjarna klassísks, kristins mannskilnings eins og betur verður komið að síðar í greininni.

Hitt atriðið sem ég vil nefna og kom fram í áður nefndum texta úrskurðarnefndar kirkjunnar (2018) er það að siðferðisbrot varða langt því frá alltaf við lög. Viðskeytið „brot“ í orðinu siðferðisbrot beinir þó huganum oftar en ekki inn á svið lögfræði, að ég ekki segi lögtækni. Lögfræðingar eru ekki sérfræðingar í siðferðismálum og það er reyndar enginn ef því er að skipta. Ályktunin sem ég vil draga að svo komnu máli er því sú að fyrir utan þroskaleysi, dómgreindar- eða reynsluleysi verða aðstæður og alls kyns klaufaskapur til þess að siðferðisbrot eiga sér stað jafn oft og raun ber vitni. Þetta er nauðsynlegt að viðurkenna sem eina af staðreyndum lífsins og hluta mannglegrar reynslu. Þar með er ekki hægt að setja punkt heldur krefst þessi staðreynd þess að við tökum á slíkum málum af ábyrgð hverju sinni.

Virðing fyrir manneskjunni, sjálfræði og mannhelgi

Siðfræðilegu hugtökin virðing fyrir manneskjunni, sjálfræði og mannhelgi geta aukið við skilninginn á því hversu alvarleg siðferðisbrot geta verið.¹³ Byrjum á að spyrja hvað hugmyndin¹⁴ um virðingu fyrir manneskjunni felur í sér? Svar Vilhjálms Árnasonar heimspekings er á þá leið að virðingarhugsjónin sé ein þýðingarmesta hugmynd vestrænnar menningar en um leið sé hún meðal þeirra sem sé hvað erfiðast að fylgja eftir. Kjarninn lúti að siðfræðilegum jöfnuði og því „[a]ð allar manneskjur fái að lifa þannig að verðleikar þeirra og einstaklingseðli geti notið sín“.¹⁵ Sé hugmyndin skilin þannig tjái hún jafnframt sjálfstætt og einstakt gildi manneskjunnar og þegar þetta sé leitt til öndvegis sé hugmyndin ótrúlega öflug og hafi burði til þess að vera grundvöllur hvers konar gagnrýni á meiðandi og niðurlægjandi framkomu gagnvart manneskjunni. Vilhjálmur kemst svo að orði: „Höfudástæða þess að okkur ber að auðsýna fólki virðingu er að manneskjan er vera sem er fær um að meta eigin athafnir og finna lífi sínu þann farveg sem hún sjálf telur mikilvægan“.¹⁶ Hér nálgumst við sjálfræðishugmyndina en ekki bara það heldur einnig kjarna manngildishugsjónarinnar. Sé skyggst dýpra í túlkun Vilhjálms á virðingu manneskjunnar kemur meira í ljós. Manneskjan er andleg vera. Hún á sér sálarlíf og sjálfsvitund. Hún er sjálfsvera en ekki hlutvera, sem merkir að það megi ekki ráðskast með hana án vitundar hennar og vilja. Hún býr yfir sjálfræði og dómgreind til að meta réttmæti eigin athafna en segja má að allir þessir eiginleikar samanteknir feli mennskuna í sér.¹⁷ Krafan um að sýna manneskjunni virðingu snýst þó ekki um undirgefni af neinu tagi heldur mun fremur um að „taka hennar eigið verðmætamat og sjónarhorn á lífið alvarlega“, skrifar Vilhjálmur. Til að skilja þetta betur skulum við einbeita okkur að sjálfræðishugmyndinni en hún er samofin ofangreindri túlkun á virðingu fyrir manneskjunni!

¹² Páll Skúlason, *Siðfræði*, bls. 21.

¹³ Vilhjálmur Árnason, *Siðfræði lífs og dauða: Ertíðar ákvarðanir í heilbrigðisþjónustu*, 2. útgáfa, aukin og endurbætt, Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan, 2003. Hér verður látið nægja að vísa í texta Vilhjálms, en ekki í þá texta sem hann vísar til. Í framhaldinu verður hér byggt á þessum skrifum Vilhjálms sem fyrir sitt leyti styðst við skrif þekktra heimspékings, þar á meðal þýska heimspekingsins Immanuel Kants.

¹⁴ Vilhjálmur lítur svo á að hugmyndin sé jafnframt hugsjón.

¹⁵ Vilhjálmur Árnason, *Siðfræði lífs og dauða*, bls. 22.

¹⁶ Vilhjálmur Árnason, *Siðfræði lífs og dauða*, bls. 22–23.

¹⁷ Vilhjálmur Árnason, *Siðfræði lífs og dauða*, bls. 23.

Hvert er þá vægi hennar og hvernig tengist hún virðingunni fyrir manneskjunni nánar tiltekið?

Vilhjálmur segir sjálfræði vera eitt megingildi mannegrar tilveru. Það sem einkenni-ir manneskjuna og markar henni sérstöðu, skrifar hann, er að hún er viljaveru með hæfileika til athafna, ákvarðana og vals. Vilhjálmur dýpkar túlkun sína með þessum orðum:

Það er þetta sem átt er við þegar sagt er að manneskjan sé sjálfsvera, það er gerandi með sjálfsvitund og sjálfsmýnd. Hún er vera með langanir og vilja, gildismat og tilfinningar sem hafa áhrif á það hvaða stefnu líf hennar tekur. Manneskjan er því aldrei einber þolandi atburða og aðstæðna; hún bregst við þeim og gefur þeim merkingu og mikilvægi sem eru til marks um lífsáform hennar og veruleikasýn. Þótt þessi viðbrögð séu mótuð bæði af persónulegri sögu og af þeirri menningu sem manneskjan er sprottin úr, þá eru þau hennar eigin svör við þeim spurningum sem aðstæðurnar vekja.¹⁸

Augljóslega má segja að sjálfræðið snúi að hinum sjálfstæða tilgangi sem sérhver manneskja hefur með lífi sínu. Manneskja hefur efni til að þroska með sér sjálfstæðan vilja sem ber að virða svo lengi sem henni er sjálfrátt. Siðferðilegt sjálfræði tengist þannig viljanum órofa böndum. Vilhjálmur skrifar: „Við ráðleggjum oft einstaklingum og leggjum jafnvel hart að þeim að fá þá til að gera það sem við teljum að sé þeim til góðs, en á endanum verðum við að virða eigin ákvörðun fullveðja fólks.“¹⁹ Það gerum við með ýmsum hætti, t.d. með því að halda að okkur höndum, halda okkur í vissri fjarlægð. Við skyldum ekki taka ráðin af fullveðja fólki skrifar Vilhjálmur þegar hann fjallar um þetta atriði í skrifum sínum og heldur áfram:

Hver manneskja verður að fá svigrúm til að finna lífi sínu takmark og tilgang. Hér er um það að ræða að virða mannhelgi einstaklings, en hana má hugsa sér líkt og landhelgi, þ.e. sem það „rými“ sem persónan á óskoraðan umráðarétt yfir. Það er einkenni á eigingjörnu og tillitslausu fólki að það virðir ekki þess mannhelgi, því að það þekkir hvorki eigin „mörk“ né annarra.²⁰

Þessi lýsing virðast mér falla vel að því sem hér er verið að brjóta til mergjar, það er eðli siðferðisbrota. Ein leið til að lýsa siðferðisbroti er þá að segja að farið hafi verið yfir persónuleg mörk annarrar manneskju að henni forspurðri. Vilhjálmur kemur með samlíkinguna milli mannhelgi og landhelgi og leggur til að við skiljum hugtökin rýmisskilningi. Það rými sem sé innan landhelginnar sé eigið, persónulegt svæði einstaklingsins sem enginn hafi rétt til að athafna sig á, án samráðs. Einstaklingurinn á þá samkvæmt þessu, skilyrðislausan „umráðarétt“ yfir þessu svæði en þann rétt kallar Vilhjálmur „griðarétt“ til aðgreiningar frá hugtakinu „gæðarétti“. Persónulegt „griðland“ merkir það sama og „friðland“. Það er með öðrum orðum hið persónulega rými sem einstaklingurinn þarfnast til að geta verið „hann sjálfur“ eða „hún sjálf“ í merkingunni „mótað athafnir sínar og hugsanir í samræmi við eigin vilja og verðmætamat.“²¹ Þegar úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar komst að því árið 2018 að „kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni hljóti alltaf að teljast siðferðisbrot skv. 12 gr. þjóðkirkjulaga“ þá má túlka það sem svo að hún hafi skilið siðferðið eins og Vilhjálmur Árnason gerir hér að framan. Þegar farið er yfir persónuleg mörk manneskju, líkamlega, andlega eða kynferðislega, án samráðs, kallast það siðferðisbrot.

¹⁸ Vilhjálmur Árnason, „Sjálfræði í aðstæðum aldraðra“, *Sjálfræði og aldraðir: Í ljósi íslenskra aðstæðna*, ritstj. Ástríður Stefánsdóttir og Vilhjálmur Árnason, Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan, 2004, bls. 13–35, hér 13.

¹⁹ Vilhjálmur Árnason, *Siðfræði lífs og dauða*, bls. 24.

²⁰ Sama heimild, bls. 24.

²¹ Vilhjálmur Árnason, *Broddflugur: Siðferðilegar ádeilur og samfélagsgagnrýni*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997, bls. 250–251.

Hver er þá niðurstaðan þegar hér er komið sögu? Svar mitt er að kjarnahugtök siðfræðilegrar orðræðu veiti innsýn í eðli siðferðisins og þar með eðli siðferðisbrota. „Sá sem rannsakar siðferðið kemst ekki hjá því að taka afstöðu til þess og leggja mat á kosti þess og lesti“, skrifaði Páll Skúlason á einum stað.²² Því er ég sammála. Með því að rannsaka siðferðið skoðum við jafnframt samfélagið og okkur sjálf. Ekkert samfélag fær staðist án siðferðis. Siðferðisbrot veikja ekki aðeins þær persónur sem brotið hefur verið á heldur einnig samfélagið allt. Við verðum að nálgast siðferðisbrot í samfélaginu af ábyrgð. Kastljósinu skyldi ekki einvörðungu beint að einstaklingssekt eða hugsanlegri ákæru og skaðabótum. Með þess konar ábyrgð er horft til baka og er til þess fallin að einangra gerandann frá samfélaginu. Það ábyrgðarhugtak sem ég sé fyrir mér, lítur ekki síður til framtíðar og krefur okkur um gagnrýna hugsun varðandi manninn og eðli hans. Auðvitað þarf að gaumgæfa og grandskoða það siðferðisbrot sem átti sér stað en jafnframt þarf að draga lærdóma af því til framtíðar. Gerandinn er einn af okkur. Við erum eins og hann. Við byggjum sama samfélag og hann, deilum viðmiðum þess með honum, reynslu og draumum. Þessi túlkun er mikilvægt framlag kristins mannskilnings til þess verkefnis og jafnframt umfjöllunar-efni síðari hluta greinarinnar.

Siðferðisbrot á kirkjulegum vettvangi

Þegar manneskja í þjónustu kirkjunnar er ásökuð um siðferðisbrot á kirkjulegum vettvangi og víðar er það alvanalegt að hún upplifi það sem gerðist á allt annan hátt en sá/sú sem fyrir atvikinu varð.²³ Mikilvægt er í slíkum aðstæðum, segir Marie Fortune sem hefur víðtæka reynslu af slíku, að taka sér fyrst stöðu með persónunni sem upplifir siðferðisbrot og hlusta á lýsingu viðkomandi á því sem átti sér stað.²⁴ Jesús var sér þess fyllilega meðvitaður að fylgjendur hans, líkt og aðrir, væru ófullkomnar manneskjur sem gætu villst af réttari leið. Viðbrögð hans við þeirri staðreynd voru þau að sérhver sem brýtur gegn siðferðinu verði að horfast í augu við gjörðir sínar og iðrast. Þannig var iðrun undanfari fyrirgefningar, samanber orð Jesú í Lúkasarguðspjalli: „Hafið gát á sjálfum yður. Ef bróðir þinn syndgar, þá ávíta hann og ef hann sér að sér, þá fyrirgef honum. Og þótt hann misgeri við þig sjö sinnum á dag og snúi sjö sinnum aftur til þín og segi: Ég iðrast, þá skalt þú fyrirgefa honum“ (Lúk 17.3–4).

Svo að áfram sé byggt á þekkingu Marie Fortune á viðbrögðum gerenda þá er það reynsla hennar að þeir sem brjóti gegn siðferðinu dragi yfirléitt úr, neiti og jafnvel ljúgi til um það sem hafi átt sér stað. Það sé sjaldgæft að þeir láti í ljós iðrun vegna gjörða sinna eða álíti þær rangar. Fremur en að blygðast sín fyrir þann skaða sem þeir hafi valdið, reiðist þeir öðrum og hafi áhyggjur af orðspori sínu.²⁵ Þessi lýsing hljómar vissulega sem afar neikvæð en þó er nauðsynlegt að hafa hana í huga. Aðalatriði hér er það sem nefnt var hér að framan: að kalla skuli þá til ábyrgðar sem brjóta gegn siðferðinu og mun ég leitast við að fjalla nánar um hvað felst í því með tilvísunum í kristinn mann- og syndaskilning.

²² Páll Skúlason, *Siðfræði*, bls. 62.

²³ Marie M. Fortune, *Sexual Violence: The Sin Revisited*, Cleveland: The Pilgrim Press, 2005.

²⁴ Sama heimild, bls. 110–123.

²⁵ Sama heimild, bls. 200–201.

Samkvæmt kristnum trúarskilningi samanstendur kristinn söfnuður og samfélag af syndugu fólki en jafnframt fólki sem Guð fyrirgefur allar syndir. Kirkjan er söfnuður hinna heilögu og réttlættu, jafnframt því sem hún er syndug og breysk. Þessi syndaskilningur er boðaður í sérhverri guðsþjónustu og er samofinn kristnum boðskap og þar með hluti kristins mannskilnings. Við tökum undir hann þegar við förum með hina ævafornu syndajátningu kristinnar kirkju: „Ég játa fyrir þér, almáttugi Guð, skapari minn og lausnari, að ég hef margvíslega syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef mér sakir miskunnar þinnar og leið mig til eilífs lífs, til dýrðar nafni þínu“.

Samkvæmt skilningi Lúthers er náðin og miskunnin virk í gegnum starf heilags anda í heiminum. Öll höfum við syndgað og lifum því í skugga syndar. Samtímis lifum við undir náðarsól Guðs sem aldrei víkur frá okkur.²⁶ Þótt syndin vofi ætíð yfir er náðin sterkari og hún megnar að réttlæta manninn fullkomlega frammi fyrir Guði. Náð Guðs kemur ekki í smáskömmtum, að mati Lúthers, heldur umfaðmar hún okkur á bak og brjóst. Það megum við þakka Kristi fyrir, meðalgöngumanninum sem biður okkur náðar.²⁷ Grundvöllur þess að hægt sé að tala um ábyrgð í því samhengi sem hér er til umræðu er því kristinn mannskilningur, þ.e. mannskilningur þar sem ófullkomeiki og réttlæti manneskjunnar í senn er undirstrikað. Þennan boðskap um manninn hafa fáir sett betur fram en einmitt Lúther! Afleiðingar þessa boðskapar eru raunverulegar í samfélaginu en þær ganga út á það að engan syndara sem iðrast og viðurkennir brot sín má útiloka frá náð Guðs og kirkju hér á jörð. Vegna réttlætis Guðs og miskunnar býðst hinni ófullkomnu manneskju fyrirgefning, að því gefnu að hún snúi frá villu síns vegar og iðrist af heilu hjarta, samanber orð Esekíels spámanns: „Snúið við, hverfið frá öllum afbrotum ykkar svo að þau verði ykkur ekki að falli. Varpíð frá ykkur öllum þeim afbrotum sem þið hafið framið. Fáíð ykkur nýtt hjarta og nýjan anda“ (Esk 18.30–31).

Næsta stig hinnar guðfræðilegu umræðu um manninn er það að viðurkenning á synd mannsins felur jafnframt í sér viðurkenningu á ábyrgð hans. Ábyrgðarhugmyndin er nátengd hugmyndinni um mannhelgina en guðfræðingum er tamt að halda fram virðingunni fyrir manneðlinu með því að benda á guðslíkingarhugmyndina í Fyrstu Mósebók þar sem segir um manninn að hann beri mynd Guðs, skapa síns:

Þá sagði Guð: „Vér viljum gera manninn eftir vorri mynd, líkan oss. Hann skal drottna yfir fiskum sjávarins, fuglum loftsins, búfénu, villidýrunum og allri jörðinni og öllum skriðdýrum sem skriða á jörðinni.“ Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd. Hann skapaði hann eftir Guðs mynd. Hann skapaði þau karl og konu. (1Mós 1. 26–27)

Hér getur að líta kjarnahugmynd mannhelginar í kristnu og guðfræðilegu samhengi. Samkvæmt henni er maðurinn skapaður eftir Guðs mynd. Líf mannsins er gjöf. Tilvist mannsins byggist á því að Guð sé til. Guðfræðilegar túlkanir á þessu eru margar en kjarni þeirra allra er sá sami: Maðurinn líkist Guði í því að hann er skynsemisvera með einstaka hæfileika, s.s. sjálfsvitund og ábyrgð. Guðsmyndarlíkingin vísar alltaf til siðferðilegrar hæfni ásamt hæfninni til samfélags við Guð. Sérstaða mannsins er mikil. Einn allra lifandi vera hefur maðurinn hæfileika til djúpstæðrar íhugunar um

²⁶ *Luther's Works*, American Edition, Fortress Press og Concordia: Philadelphia og St. Louis, 1955–1986, 12, bls. 377–378; 27, bls. 86; 31, bls. 13; 34, bls. 164.

²⁷ Sama heimild, 35, bls. 370.

siðferðið og guðdóminn. Í öllu þessu má heyra bergmál af siðfræðilegum hugleiðingum Vilhjálms Árnasonar um mannlega reisn og virðingu. Orðalag heimspekinga og guðfræðinga getur vissulega verið ólíkt en inntakið er mjög líkt: Maðurinn er einstök vera með mikla félagslega og siðferðilega hæfni. Hann er skynsemissvera en í því felst að hann ber mikla ábyrgð gagnvart samfélagi sínu og samborgunum.

Öll kjarnaatriði þess mannskilnings sem hér hefur verið útskýrður má að sjálfsögðu finna í útlekkingum Tómasar frá Akvínó, eins þekktasta guðfræðings miðalda, sem lagði grunninn að skilningi kristinna manna á mannlegri reisn og virðingu, túlkun sem síðari tíma hugsuðir og heimspekingar hafa byggt á og þróað áfram. Skynsemi mannsins er hið æðsta og besta einkenni hans, skrifaði Tómas í höfuðverki sínu, *Summa Theologica*. Ólíkt forngrísku hugsuðunum Aristótelesi og Platón lagði Tómas áherslu á að það væri Guðs verk að maðurinn ætti hlutdeild í skynseminni. Skynsemi mannsins var óhugsandi í hans hugmyndaheimi nema sem hlutdeild í skynsemi Guðs. Almennt orðað þá á hinn kristni maður að iðka hið góða og réttláta en forðast það sem illt er og óréttlátt. Hann á að leitast við að stuðla að hamingju annarra og forðast að valda þjáningu. Kristinn mannskilningur, líkt og mannskilningur mannhyggjunnar, byggist á siðferðilegu jafnræði en það merkir að allir menn hafi sama gildi. Því fylgir að það er skylda hvers manns að keppa ekki einungis að því sem er gott og réttlátt fyrir eigin hag heldur og fyrir aðra. Í Nýja testamentinu má finna boðorðið um náungakærleikann en það má túlka svo að í því felist bæði góðvildar- og réttlætisregla. Það má því orða svo að það sé skylda mannsins að elska náunga sinn og iðka þá breytni sem leiði gott af sér fyrir fleiri en hann sjálfan. Í öðru lagi má segja að það sé skylda hvers manns að elska náunga sinn eins og sjálfan sig, þ.e. að koma fram við alla sem jafningja. Þannig verða skynsemin, syndin og ábyrgðin ekki aðskilin í kristnum mannskilningi heldur mynda eina heild.

Skömmin — syndin — og sektin

Að horfast í augu við ófullkomleika sinn og mistök veldur skömm. Flest upplifum við skammtilfinninguna sem eitthvað óæskilegt og vont. Fræðimenn sem fjallað hafa um efnið benda þó á að mikilvægt sé að gera greinarmun á góðri skömm og vondri. Góða skömm megi túlka sem jákvæða, uppbyggilega og verndandi tilfinningu sem hjálpi einstaklingnum að koma auga á og viðurkenna eigin takmarkanir. Annað hugtak yfir sama fyrirbæri er veikleikaskömm en hún er að mati sumra fræðimanna sögð vera grundvöllur þess að manneskjan geti gert sér grein fyrir veikleikum sínum og breyskleika.²⁸

Meðal þeirra sem hafa velt spurningum um skömmina fyrir sér er geðlæknirinn og sálgreinirinn Johan Beck-Friis en hann bendir einmitt á tvíræðni skammarinnar.²⁹ Flestallir segir hann að kannist við skömmina í aðstæðum sem þeim finnist óþægilegar, t.d. þar sem þeir séu utanveltu, óvelkomnir, óhreinir eða ófullkomnir. Í slíkum aðstæðum sé skammtilfinningin augljóslega neikvætt fyrirbæri. Í annars konar aðstæðum geti skömmin hins vegar verið jákvæð en það telur hann vera þegar hún geri

²⁸ Jan-Olav Henriksen og Atle Søvike (ritstj.), *Livstolkning í skole, kultur og kirke: Festskrift til Peder Graven*, Trondheim: Tapir Akademisk Forlag, 2010, bls. 93.

²⁹ Johan Beck-Friis, *Den nakne skammen: Grund för depression eller väg till ömsesidighet?* Stokkhólmi: Natur & Kultur, 2009, bls. 37.

okkur viðvart eða megni að aftra því sem sé óæskilegt og óviðeigandi, ýmist fyrir okkur sjálf eða samfélagið. Ályktun Beck-Friis er að hin góða skömm hafi þróast sem siðferðilegt mælitæki eða verkfæri í samfélagi manna í aldanna rás og sem slík gegni hún mikilvægu hlutverki, fyrir einstaklinginn og ekki síður samfélagið. Skömmin í jákvæðri merkingu sé nauðsynleg og tilheyri í raun grunnforsendum samfélagsins. Við þurfum á skömminni að halda, skrifar Beck-Friis, til þess að mynda góð og réttlát tengsl í samfélaginu og viðhalda þeim.³⁰

Skömm og sektarkennd tengjast en eru þó ekki sama fyrirbærið! Svo kemst norskri guðfræðingurinn Jan-Olav Henriksen að orði í umræðu um skömmina, kosti hennar og galla. Hann bætir við þriðju víddinni, syndinni, og segir að sem kristinn guðfræðingur verði ekki hjá því komist að tala um synd í þessu samhengi. Hugtökin þrjú, synd, skömm og sekt, slær hann svo saman í þéttan vef þar sem um stund er erfitt að átta sig á hvað kemur fyrst og hvað sé afleiðing hvers. Niðurstaða hans er sú að líta beri svo á samkvæmt kristnum skilningi að manneskjan beri ætíð sekt. Sekt hennar sé hluti af hinu synduga, breyska, mannlega eðli. Öll breytni okkar sé meira eða minna ófullkomin. Við þurfum að kannast við þetta, viðurkenna mistök og vinna með tilfinninguna um hina uppbyggilegu skömm til að bæta okkur.

Hér erum við komin á kunnuglegar slóðir og hittum enn á ný fyrir það sem ég hef valið að kalla klassískan kristinn mannskilning en grundvallaratriði hans er að maðurinn sé ófullkomin vera og breysk. Hinn ófullkomni maður lifir og breytir andstætt boðum Guðs, skrifar Jan-Olav. Það verði að vera forsenda allrar túlkunar á breytni mannsins. Sekt mannsins sé ætíð til staðar, frammi fyrir Guði, samfélaginu og honum sjálfum. Hinum kristna manni eigi að vera það eiginlegt að upplifa sig sekan, ófullkominn og brotlegan enda hafi Guð gefið honum samvisku til að minna hann á það.³¹

Við höfum séð að sekt og synd eru guðfræðileg hugtök sem tilheyra kjarnaatriðum kristinnar trúartúlkunar og það sama gildir um fyrirgefninguna. Guð hefur fyrirgefið mannkyni syndir þess. Sú gjörð merkir þó ekki að við lifum án syndar, þvert á móti. Með tilvísun til skilnings Lúthers á þessu atriði er það gjarnan orðað svo að við lifum sem syndarar samtímis því sem við lifum í þeirri fullvissu að Guð hafi þegar fyrirgefið okkur syndir, vegna Jesú Krists. Spennan í þessari tvíbentu stöðu mannsins í heiminum hverfur því aldrei. Við erum syndug og réttlætt samtímis í lífi okkar í heiminum. Það að við erum brotlegar manneskjur er mikilvægt að hafa í huga samtímis því sem við lifum í fullvissunni um kærleika og náð Guðs. Kærleika Guðs og fyrirgefningu ber aldrei að túlka á þann veg að manneskjan beri ekki ábyrgð á breytni sinni. Þvert á móti: okkur ber að axla fulla ábyrgð á breytni okkar í heiminum, góðri jafnt sem slæmri. Við erum ekki fullkomin en þrátt fyrir það megum við kallast Guðs börn. Guð fyrirgefur syndir og þær syndir verðum við að vera fús til að játa. Miskunn og náð Guðs veitist ekki nema að undangenginni iðrun og yfirbót.³² En víkjum aftur að skömminni.

³⁰ Sama heimild, bls. 41–42.

³¹ Jan-Olav Henriksen, *Imago Dei: Den teologiske konstruktionen af menneskets identitet*, 2003, Oslo: Gyldendal Akademisk, bls. 19.

³² Ole Modalsli, *Korsets gåte: Om Jesu døds betydning*, 1987, Oslo: Verbum, bls. 95.

Það hvernig unnið er með tilfinninguna um skömm og sekt getur haft afgerandi þýðingu fyrir það hvernig sá sem sakaður er um siðferðisbrot bregst við, er niðurstaða rannsókna norska siðfræðingsins Terjes Mesels.³³ Það að upplifa hina vondu skömm segir hann að geri oft að verkum að meintur gerandi neiti sekt og forðist þar með að taka ábyrgð á breytni sinni.³⁴ Þess í stað bendi hann á aðra hluti eða annað fólk sem skýringu á því sem gerðist. Þetta virðist mér ákaflega mikilvæg ábending fyrir umræðuefni þessarar greinar. Það er ekki þægilegt að upplifa skömm. Þrátt fyrir það geta skömmustilfinningar verið réttlætanager og nauðsynlegar, bæði fyrir okkur og samfélagið. Sjálfsskilningur okkar, og þar með mannskilningur, má ekki vera fjarri veruleikanum. Flest gerum við mistök, förum yfir mörk, særum fólk og sýnum lítilsvirðingu. Þegar þjónar kirkjunnar eiga í hlut er mikilvægt að kirkjan stígi fram með erindi sitt, sem er kristinn mannskilningur. Hún á að liðsinna þeim við að horfast í augu við brotlegt, syndugt manneðli og hvetja til að nýta hina góðu skömm til þess að byggja upp góð tengsl og réttlátt samfélag. Í stað þess að festast í viðjum hinnar vondu skammar sem einangrar þann sem sakaður er um siðferðisbrot þarf kirkjan að vinna með hina góðu og uppbyggilegu skömm og hjálpa gerendum siðferðisbrota til að koma til sjálfs sín, kannast við gerðir sínar og axla þá ábyrgð sem Guð hefur gefið sérhverjum manni.

Ályktanir og lokaorð

Kristinn mannskilningur grundvallast á Biblíunni og kristinni trúarhefð. Hann byggist m.a. á frásögnum Gamla testamentisins þar sem lögð er áhersla á að manneskjan sé sköpuð í Guðs mynd en hugmyndin um guðsmyndina hverfist um það að það sé Guð sem gefi mannum reisn og tign. Guð elskar alla sköpun sína og allir hafa sama gildi í hans augum, óháð verðleikum og breytni. Þetta er sá guðfræðilegi grundvöllur sem kristin kirkja stendur á og jafnframt meginerindi til allra manna, gerenda sem þolenda siðferðisbrota.

Fleiri atriði í kristnum mannskilningi mætti nefna þegar kirkjan bregst við slíkum brotum. Eitt þeirra allra mikilvægustu er sá skilningur að maðurinn sé tengslavera en samkvæmt kristinni túlkun er honum ætlað það hlutverk að lifa í samfélagi við aðra, bæði manneskjur og sköpunarverkið í heild sinni, dýrin og lífríkið allt. Guð ávarpar manninn og breytni mannsins má skoða sem andsvar við því ávarpi. Samkvæmt kristinni túlkun umbreyttist samband Guðs, manns og heims þegar maðurinn reis upp gegn Guði en hugmyndin um syndafallið tjáir þá staðreynd að maðurinn hafi brotið boðorð Guðs og lifi upp frá því sem ófullkomin vera í ófullkomnum heimi. Gleditíðindi Nýja testamentisins eru hins vegar þau að Jesús hafi tekið á sig syndir mannkyns og þar með lagt grunninn að fyrirgefningu og náð. Klassísk kristin trúar-túlkun hverfist um það að dauði hans og upprisa sé staðfesting á mannhelgi og manngildi allra manna.

Allar manneskjur eiga sömu reisn og tign, óháð breytni sinni og einmitt þetta ber okkur að sýna hvert öðru með kærleiksríkri breytni okkar hvert í annars garð. Tengslaeðli manneskjunnar merkir einnig það að hún er félagsvera og kynvera.

³³ Terje Mesel, *Når noe går galt: Fortellinger om skam og skyld og ansvar i helsetjenesten*, Oslo: Cappelen Damm Akademisk, 2014.

³⁴ Hér má hugleiða hvort reynsla Marie Fortune af afneitun gerenda, sem um var rætt framfar í greininni, tengist neikvæðri skömm.

Manneskjan laðast að öðrum manneskjum, elskar og þráir, gleðst og hryggist. Samtímis þessu er hún sköpuð til ábyrgðar og ber að breyta rétt og réttlátlega gagnvart öðrum manneskjum, sem og öllu sköpunarverki Guðs. Í kristinni túlkun er það Guð, skaparinn, sem hefur gefið mannum skynsemina og af henni hlýst ábyrgðin, samviskan og möguleikinn að greina gott frá illu og rétt frá röngu. Við erum sköpuð til auðmjúkrar þjónustu og eigum að þjóna Guði í allri okkar breytni.³⁵

Samkvæmt kristnum mannskilningi er maðurinn flókin og samsett vera, líkami, andi og sál (1Þess 5.23)³⁶ en jafnframt ein heild. Í Biblíunni má víða finna hástemmd orð um manninn (Slm 8.6) en líka raunsærri mynd sem lýsir breyskleika hans og markaleysi (Slm 14.3; Róm 3.10).³⁷ Kristin trúarhefð hefur oft túlkað það svo að í syndafallinu sé sáð fræi illsku í manninn, jafnframt því að maðurinn beri mynd Guðs í sér. Þannig er kristinn mannskilningur fullur spennu þar sem hið góða og illa takast á. Þetta merkir að kirkjan verður að vera raunsæ varðandi það að kristið fólk, eins og annað fólk, sé fært um illa og ranga breytni. Kristnir einstaklingar, eins og aðrir, valda öðrum sárindum og skaða aðra með framkomu sinni, orðum og breytni. Við verðum að vera heiðarleg og taka það alvarlega þegar upp koma tilvik í kristnu samhengi þar sem farið hefur verið yfir siðferðileg mörk. Kristin kirkja á magnað orðfæri um einmitt þetta og þarf að beita því þegar það á við.

Fáir hafa lýst spennunni sem einkennir líf og breytni mannsins betur en Lúther í orðum sínum um að maðurinn sé samtímis réttlættur og syndari. Samkvæmt klassískri, kristinni túlkun endurfæðist kristin manneskja til nýs lífs gegnum skírnina, jafnframt því sem fræ hins illa eru enn til staðar í henni. Guð býður mannum hjálp í þessum aðstæðum, með orði sínu, kvöldmáltíðinni, skriftum og kristnu samfélagi. Slíkur skilningur á Guði og manni hefur afgerandi afleiðingar. Brot gegn virðingu manneskjunnar er samtímis brot gegn Guði sem hefur skapað sérhverja manneskju. Það er líka brot gegn samfélaginu og gildum þess. Kristið fólk hefur því ekki aðeins viðmið og gildi samfélagsins að styðjast við heldur einnig hinn kristna mannskilning sem vísar því á rétta stigu og varnar því að brjóta gegn samferðafólki sínu.

³⁵ Ég tel ekki nauðsynlegt að vísa sérstaklega til fjölda heimilda varðandi hinn kristna mannskilning, jafn þekkt og þessi túlkun er, og ég vel að vísa hér einungis til tveggja greina eftir Björn Björnsson, fyrrverandi prófessor í kristinni siðfræði við Háskóla Íslands: „Biblían og siðfræðin“, *Kirkjuritið* (sérrit) 1997, bls. 7–11; „Biblían og kristin siðfræði“, *Kirkjuritið* 1999, bls. 32–37.

³⁶ 1Þess 5.23: „En sjálfur friðarins Guð helgi yður algerlega og andi yðar, sál og líkami varðveitist alheil og vammlaus við komu Drottins vors Jesú Krists.“

³⁷ Slm 8.6: „Þú gerðir hann litlu minni en Guð, krýndir hann hátign og heiðri“; Slm 14.3: „Allir hafa þeir vikið af leið, allir eru spilltir, enginn gerir það sem gott er, ekki neinn.“; Róm 3.10: „Eins og ritað er: Enginn er réttlátur, ekki einn“.